

Fjallabyggð



Kirkjugarður Saurbæjarási

LÝSING VEGNA DEILISKIPULAGSGERÐAR

28.02.2023

## Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS .....	2
AFMÖRKUN, STAÐSETNING OG STAÐHÆTTIR .....	4
HELSTU FORSENDUR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	7
ÖNNUR GÖGN .....	8
UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNARINNAR.....	8
HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR VIÐ SKIPULAGSGERÐ.....	8
SKIPULAGSFERLI .....	9
HELSTU UMSAGNAR- OG SAMRÁÐSAÐILAR .....	9

## INNGANGUR

Fyrir liggur samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar dags 07.12.2022, á erindi Júlíu Birnu Birgisdóttur, formanns sóknarnefndar Siglufjarðarkirkju dags 01.11.2022, varðandi beiðni um stækkun garðsins við Saurbæjarás til norðurs í samræmi við afstöðumynd af garðinum frá 2009.


Bókun nefndarinnar er eftirfarandi:

*Nefndin samþykkir stækkun á kirkjugarði skv. áfanga 2 til norðurs í samræmi við afstöðumynd. Nauðsynlegt er að deiliskipuleggja svæðið. Tæknideild er falið að hefja þá vinnu sem byggja á hönnun sem unnin var 2009.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefjist skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á því hvaða forsendur búi að baki skipulagsgerðar og hverjar skipulagsáherslur verði.

## AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Kirkjugarðurinn á Saurbæjarási er annar tveggja kirkjugarða Siglfirðinga. Sá eldri, Siglufjarðarkirkjugarður (0,9 ha) er innan þéttbýliskjarnans og situr í brekkunni suðvestur af Siglufjarðarkirkju. Hann er fullgrafinn. Svæði fyrir nýjan grafreit á Saurbæjarási var tekið í notkun á níunda áratug síðustu aldar og voru í fyrstu mótaðir u.þ.b. 0,6 ha. Svæðið var aðeins gróflega afmarkað og sáu menn fram á að bætt yrði við garðinn eftir þörfum. Árið 2008 lét sóknarnefnd vinna skipulag fyrir innri hluta garðsins til að ná fram betri nýtingu, skerpa á ytri mörkum hans og aðkomusvæðum. Tillagan gerði m.a. ráð fyrir nýrri aðkomu og bílastæði norðan við núverandi garð. Það svæði yrði smá saman miðlægt eftir því sem garðurinn stækkaði til norðurs. Þarna var einnig kynnt hugmynd að staðsetningu vélageymslu og sérstaks móttökuhúss fyrir gesti. Í heildina var unnið innan ramma þegar raskaðs svæðis sem telur um 1,3 ha. Jafnframt var rýnt inn í framtíðina og sett fram gróf áætlun (mynd 2) um hvernig garðurinn gæti þróast. Þessi áætlun var hugsuð sem framlag sóknarnefndar til deiliskipulagsgerðar sem festir garðinn í sessi til framtíðar. Fyrir liggur að núverandi svæði er nánast fullgrafið og brýnt er orðið að huga að undirbúningi stækkunar garðsins. Vinnsla deiliskipulags sem nær utan um núverandi garðsvæði auk stækkunar til austurs og norðurs er aðkallandi. Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar (2022-2032) gerir ekki ráð fyrir stækkun garðsins á Saurbæjarási og því þarf að vinna lögformlega breytingu á því skipulagi samhliða deiliskipulagsgerðinni fyrir garðinn.



Mynd 1. Skipulagssvæðið á sveitafélagsuppdrætti gildandi aðalskipulags



Mynd 2. Yfirlitsmynd af núverandi garðsvæði (1) ásamt áfangaskiptum stækkunarmöguleikum 2,3,4 við Saurbæjarás – tillaga frá 2009.

## AFMÖRKUN, STAÐSETNING OG STAÐHÆTTIR

Saurbæjarás fellur til norðurs undan Hólshyrnu sem liggur á milli Skútudals og Hólisdals. Deiliskipulagssvæðið situr vestan megin í ásnum og afmarkast af Siglufjarðarvegi (þjóðvegur nr.76), til suðurs og vesturs, Ráeyrarvegi til norðurs og Saurbæjarási til austurs. Núverandi grafreitir er fremur neðarlega í Saurbæjarásnum sem myndar fallegt bakland fyrir garðsvæðið (mynd 3). Þarna má m.a. finna litla skógræktarreiti og áningarstað Vegagerðarinnar. Svæðið hefur lengst af verið einskonar jaðarsvæði og hluti þess er nýtt sem beitarhólf fyrir hross. Siglufjarðarvegur var byggður upp samhliða jarðgangagerð og opnaður 2010. Hann liggur í sveig meðfram syðsta hluta garðsins eilítið hærra í landinu en núverandi grafarstæði. Ráeyrarvegur er eldri og var syðsta hluta hans breytt til að gera öruggari tengingu við hinn nýja þjóðveg. Garðssvæðið er nú í alfaraleið þar sem það situr í krikanum sem þessar vegtengingar afmarka. Aðkomur í garðinn verða áfram frá Ráeyrarvegi.



Mynd 3. Loftmynd af skipulagssvæði og nærliggjandi umhverfi.

### Núverandi aðstæður.

Eins og áður segir leiddi skoðun á framtíðarstækkun garðsins 2009 í ljós að skynsamlegt yrði að stækka hann til norðurs til að viðhalda svipaðri hæðarlegu og e.t.v. til austurs upp Saurbæjarásinn þó það svæði sé að hluta til brattara. Landhalli skiptir máli fyrir grafreiti en hann er umtalsverður á skipulagssvæðinu eða allt að 10%. Út frá aðgengissjónarmiðum þarf útvíkkun garðsins að hafa nægilegt svigrúm til að tryggja gott aðgengi fyrir alla. Samtímis þarf að huga vel að veðurfarslegum aðstæðum s.s. snjósöfnun sem getur verið mjög mikil á þessu svæði. Ný landmótun þarf að taka mið af öllum þessum þáttum og falla vel að nánasta umhverfi sínu. Til austurs frá núverandi garðsvæði er að mestu óraskað land, þýfður mói er einkennandi með malarflákum inn á milli. Hluti þessa svæðis hentar til skógræktar sem til framtíðar stuðlar að skjólmyndun milli þjóðveggar og garðsvæðis. Til norðurs er svæði sem

nýtt er sem beitarhólf fyrir hross. Það svæði er að öllum líkindum eitthvað blautara þar sem það liggur í hvilft undan Saurbæjarásnum. Huga þarf vel að allri framræslu og meðferð yfirborðsvatns í tengslum við nýja landmótun.

### Landnýting og rýmisþörf garðsins

Núverandi garður hefur verið í notkun s.l. 35 ár og hefur verið útvíkkaður smá saman í takt við þörf (mynd 4). Íbúafjöldi hefur á þessu tímabili dregist saman en spár gera ráð fjölgun íbúa á gildistíma núgildandi aðalskipulags (2022-2032). Árleg þörf nýrra grafreita hefur s.l. ár verið um 20.

Með aðkomusvæðum mælist núverandi garðsvæði um 1,3 ha. Grafartæk svæði eru ríflega 0,2 ha, stígar og bílastæði 0,5 ha og 0,6 ha fara undir grasfláa (landmótun), gróðursvæði, þjónustu og svæði fyrir afvötnun. Þessi hlutföll gefa vísbendingu um viðbótar landnýtingu og rýmisþörf. Eðli málsins samkvæmt fer töluvert landrými í brekkur / fláa þegar land er stallað fyrir grafreiti stóra og smáa ásamt stígum og tilheyrandi. Grafarsvæði þarf ekki endilega að vera flatt en tryggja þarf gott aðgengi fyrir alla gesti og þá sem sinna umhirðu svæðisins. Kistugrafir eru algengasta fyrirkomulag greftrunar í núverandi garði og samkvæmt skipulagi ætti að vera mögulegt að koma fyrir um 600 kistugröfum á þessu árabili. Þessu til viðbótar er svæði fyrir allt að 60 duftker í núverandi garði en mun minni nýting er á þeim reit enn sem komið er. Líkbrennsla sem einungis er til staðar í Fossvogi í Reykjavík skýrir þessa stöðu að mestu. Talið er að þessi hlutföll geti snúist á komandi árum þegar / ef líkbrennsla hefst utan höfuðborgarsvæðisins t.d. á Akureyri. Þá er að eiga sér stað ákveðin umræða / nýsköpun varðandi fyrirkomulag greftrunar sem leitt getur til fjölþættari umgjörðar fyrir þennan málaflokk.



**Mynd 4. Tillaga að innra skipulagi núverandi garðsvæðis ásamt aðkomusvæðum. Þessu plani hefur verið fylgt að hluta til síðustu ár.**

Sé horft til framtíðar rýmisþarfar fyrir kistugrafreiti eingöngu má gróflega áætla að tvöföldun á núverandi grafarsvæðum muni þjóna Siglfirðingum næstu 30 árin. Önnur nálgun er að skapa garðinum nægilegt svigrúm þar sem horft er til lengri framtíðar og fjölbreyttari nýtingu í huga. Svæðið geti einnig þróast sem skógræktar- og almennt útivistarsvæði. Með slíkri



nálgun er búið í haginn fyrir fjölbreyttari form greftrana sem eru minna háð tiltekinni stærð.

Deiliskipulagshugmyndin gerir ráð fyrir að garðinum verði afmarkað svæði sem telur samtals 6 ha. Stækkunin verður bæði til norðurs og austurs. Til lengri framtíðar getur svæðið þróast áfram sem grafreitir og almennt útivistarsvæði með eðlilegum kvöðum.

Samsetning deiliskipulagshugmynda fyrir 6.ha grafarsvæði getur verið eftirfarandi:

- Núverandi garðssvæði ásamt bílastæðum (25.stk), aðkomusvæði og minningarreit: 1 ha.
- Viðbótarsvæði sem svarar u.þ.b. 20 ára þörf garðsins (+/-400 grafreitir) út frá óbreyttri tilhögun kistugrafreita: 1,5-2 ha.
- Nýtt aðkomusvæði, bílastæði (60.stk) ásamt vegtengingu til austurs: 0,4 ha.
- Einnar hæðar vélageymsla allt að 100m<sup>2</sup>
- Skógræktarsvæði 1,5 ha.
- Opið óhreyft svæði frátekið til framtíðar 1,2- 1,5 ha



**Mynd 5. Deiliskipulagssvæðið – samtals 6 ha. Myndin sýnir jafnframt legu fyrirhugaðs göngu- og hjólastígs meðfram Siglufjarðarvegi**



Mynd 6. Horft norður yfir skipulagssvæðið frá Siglufjarðarvegi (vefsjá já.is).



Mynd 7. Horft vestur yfir skipulagssvæðið frá áningarstað Vegagerðarinnar (vefsjá já.is).

### Mæliblöð:

Ekki er til mæliblað af núverandi kirkjugarðssvæði.

## HELSTU FORSENDUR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


### Deiliskipulagsstaða

Ekki liggur fyrir lögformlegt deiliskipulag fyrir garðinn.

### Aðalskipulag Fjallabyggðar 2022-2032.

Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er garðurinn táknaður á uppdrætti með brúnum hring og númerinu **119 K** með vísan í greinargerð (mynd 8). Stærð hringins er ekki að gera ráð fyrir frekari stækkun garðsins og því er nauðsynlegt að vinna breytingu á aðalskipulagi í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Aðalskipulagsbreytingin verður auglýst samhliða deiliskipulagstillögu á vormánuðum 2023.





Mynd 8. Úr nógildandi aðalskipulagi - sveitarfélagsuppráttur

## ÖNNUR GÖGN

Fornleifakönnun er í vinnslu.

## UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNARINNAR

Í greinargerð með nógildandi aðalskipulagi er fjallað um umhverfismat endurskoðaðrar áætlunar. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

*Kirkjugarðar og grafreitir þjóna ákveðnu samfélagslegu hlutverki og jákvætt sé að þeim verði viðhaldið.*

*Opin svæði eru mikilvæg í eflingu lýðheilsu íbúa. Útivistarskógar eru skilgreindir sem opin svæði. Hlutverk þeirra er ekki aðeins að skapa skjól og fjölbreytt vistkerfi heldur eru þeir einnig hluti af loftslagsaðgerðum sveitarstjórnar. Stefnt er að frekari uppbyggingu opinna svæða og tengingu milli þeirra.*

### Gæði staðsetningar:

Framtíðar grafreitir Siglufirðinga með möguleika á frekari stækkun.

Tiltölulega gott aðgengi – svæðið liggur nálægt Siglufjarðarvegi.

Svæðið skapar möguleika fyrir umhverfisbætur s.s. kolefnisbindingu í formi skógræktar.

Svæðið getur eflt staðaranda og skapað framtíðar vettvang fyrir útivist.

## HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR VIÐ SKIPULAGSGERÐ

- Vinna tillögu að nýjum heildstæðum grafreit út frá núverandi garðsvæði.
- Tryggja aðstæður til að hægt sé að móta kistugrafreiti til næstu 20 ára.
- Tryggja aðstæður til að hægt sé að koma til móts við fjölbreyttara form greftrana til lengri framtíðar.
- Setja kvaðir um afmörkun skógræktarsvæðis.

- Tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, opinna grænna svæða, og bílastæða.
- Gera ráð fyrir allt að 90 bílastæðum á þremur stöðum.
- Staðsetja byggingarreit fyrir vélageymslu í tengslum við miðlægt bílastæði.
- Verndun fornleifa á svæðinu og/eða aðlögun nýs svæðis að þeim.
- Heildarstærð garðsins verði 6 ha.
- Vinna þarf breytingu á aðalskipulagi þar sem landnotkun breytist úr óbyggðu svæði í Kirkjugarðar og grafreitir. Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga verða auglýstar samhliða.

## SKIPULAGSFERLI

### Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

Mars – apríl. - 2023	Lýsing samþykkt til kynningar í skipulags- og umhverfisnefnd og kynnt opinberlega & gerð aðgengileg á vef sveitarfélagsins. Lýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnar – og samráðsaðilum.
Apríl – maí	Deiliskipulagsdrög í vinnslu
Maí	Deiliskipulagsdrög kynnt. (drög að aðalskipulagsbreytingu kynnt).
Júlí-ágúst	Kynning fyrir auglýsingu samkv. 41.gr. skipulagslaga.
Ágúst. – september	Deiliskipulagstillaga samþ. í auglýsingu og kynningu .
September	Tillaga auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

## HELSTU UMSAGNAR- OG SAMRÁÐSAÐILAR

Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Rarik, Vegagerðin, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar, Sóknarnefnd Siglufjarðarkirkju, Kirkjugarðaráð og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV).